

## Fylgiskjal 8



Vegagerðin í Borgarnesi  
Auðunn Hálfðánarson  
Borgarbraut 66  
310 Borgarnes

### Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík  
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631  
Heimasíða: [www.fornleifavernd.is](http://www.fornleifavernd.is)  
Skrifstofa Minjavarðar Norðurlands vestra  
Aðalgötu 2, 550 Sauðárkrúki  
Sími: 453 6203, Bréfsími: 453 7998  
[solborg@fornleifavernd](mailto:solborg@fornleifavernd.is)

Sauðárkrókur 8. mars 2006

*Tilvisun: Fvr 2005090036 ISUP*

### Efni: Hringvegur um Hrútafjarðarbotn

Vegagerð ríkisins lét gera fornleifaskráningu sumarið 2005 vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda fyrir botni Hrútafjarðar. Í framhaldinu gerði Fornleifavernd ríkisins þá kröfu að nánari rannsókn færi fram á fornleifum í landi Staðar en fornleifar þessar munu verða fyrir raski vegna framkvæmdanna. Vegagerðin fékk Fornleifadeild Byggyndasafns Skagfirðinga til að taka að sér verkið og fór uppgröftur fram 2. febrúar 2006. Nú hefur Fornleifavernd borist skýrslan "Fornleifakönnun vegna vegagerðar í botni Hrútafjarðar" eftir Guðnýju Zoega og Sigríði Sigurðardóttur. Í niðurstöðum skýrslunnar kemur fram að líklega sé um stekk eða rétt að ræða og ekki sé að finna merki um að þarna hafi verið mannbústaður. Erfitt reyndist að aldursgreina fornleifarnar út frá gjóskulögum en útlit, dýpt og ástand torfveggja benda til að fornleifarnar séu 18. til 19. aldar minjar. Fornleifavernd ríkisins telur þetta vera fullnægjandi rannsókn og gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að vegalínu AB eins og hún er skilgreind og sýnd í skýrslunni "Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í botni Hrútafjarðar" eftir Bryndísi Zoega, Guðnýju Zoega og Sigríði Sigurðardóttur. Rétt er þó að minna á að ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós við framkvæmdir skal finnandi skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum hið fyrsta samanber 13. grein Þjóðminjalaga.

Afrit: Gunnar H. Jóhannesson, Svæðismiðstöð Vegagerðar ríkisins Akureyri

Virðingarfyllst

Sólborg Una Pálsdóttir  
Verkefnastjóri skráningarmála

VEGGERÐIN	
Tilvitun	
MOÐ	MIÐ
Skjalnúmer	
Másnúmer	